

Alþingi
Erindi nr. P 128/1642
komudagur 11.3.2003

Samgöngunefnd Alþingis
Ágúst Geir Ágústsson
nefndarritari
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK
Ísland

11.03.2003

Tillaga til þingsályktunar - um niðurfellingu lendingargjalda fyrir reglubundið millilandaflug á Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöllum - mál 155.

Sæll Ágúst.

Ég vona að það komi ekki að sök að þessi umsögn berst seinna en beðið var um ! Við hjá Flugfélaginu teljum að það vanti alla lagastoð til að framkvæma þá hugmynd sem fram kemur í þessu 155. máli. Þar er fyrst og fremst vísað í þau mál, sem þegar eru í gangi vegna mismununar á flugvallargjöldum í millilanda og innanlandsflugi. Þegar hafa mál verið rekin vegna slíkrar mismununar á evrópska efnahagssvæðinu og hefur jafnræðisreglan yfirleitt verið látin ráða þar. Það er því óeðlilegt að slík niðurfelling lendingargjalda gildi ekki einnig fyrir innanlandsflug ef á annað borð verður farið út í slíkar aðgerðir.

Það er rétt að vekja athygli á, að líklega er besta leiðin til að tryggja betra aðgengi að millilandaflugi, að beita sér fyrir beinu flugi á milli viðkomandi staða og Keflavíkurflugvallar, þar sem góðar tengingar væru við mun fleiri áfangastaði erlendis. Slíkt flug þyrfti á hjálp að halda á meðan markaður er byggður upp. Miðað við þau markmið sem sett eru fram í umræddu máli, þá nást þau markmið líklega best með slíku fyrirkomulagi.

Ég vona að þetta komi að einhverjum notum og ef þörf er á frekari umsögn, þá erum við reiðubúin til að veita allar þær upplýsingar sem þarf.

Með kveðju


Jón Karl Ólafsson

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Air Iceland

Reykjavíkurflugvelli • 101 Reykjavík • Sími 570 3000 • Fax 570 3001

